



**Reglur Byrs sparisjóðs
um aðgerðir gegn peningabætti
og fjármögnun hryðjuverka**

sbr. lög nr. 64/2006 með síðari breytingum o.fl.

23. júlí 2009

Efnisyfirlit

	Bls.
I. Almenn ákvæði	3
1.1 Tilgangur og markmið.....	3
1.2 Gildissvið	3
1.3 Orðskýringar.....	3
1.3.1 Peningaþvætti	3
1.3.2 Fjármögnun hryðjuverka	3
1.3.3 Ávinningur	4
1.3.4 Raunverulegur eigandi	4
1.3.5 Skelbanki.....	4
II. Könnun á áreiðanleika viðskiptamanna	4
2.1 Tilvik er áreiðanleikakönnun skal fara fram	4
2.2 Upphaf viðskipta	4
2.3 Upplýsingaöflun	4
2.3.1 Viðskiptavinur viðstaddur í eigin persónu	4
2.3.2 Upplýsinga sem afla skal.....	5
2.3.2.1 EINSTAKLINGAR.....	5
2.3.2.2. LÖGADILAR.....	5
2.3.3 Raunverulegur eigandi	6
2.4 Tímabundin frestun á að sannreyna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.....	6
2.5 Einfölduð könnun á áreiðanleika viðskiptamanns	7
2.6 Auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsingar um viðskiptamann.....	7
2.6.1 Fjarsala	7
2.6.2 Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.....	7
2.6.3 Millibankaviðskipti og skelbankar (e. shell banks).....	8
2.6.4 Nafnleynd í viðskiptum.....	8
2.7 Reglubundið eftirlit	8
2.8 Varðveisla gagna	8
III. Rannsóknarskylda og tilkynningarskylda	9
3.1 Rannsóknarskylda	9
3.2 Tilkynningarskylda til lögreglu	10
3.3 Þagnarskylda	10
3.4. Varúðarskylda Byrs vegna starfsmanna.....	10
IV. Innra eftirlit, innri reglur o.fl.	10
4.1 Ábyrgðarmaður	10
4.2 Skriflegar innri reglur.....	11
4.3 Fræðsla starfsmanna.....	11
4.4 Eftirlit með virkni varna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	12
4.5. Öryggi við ráðningu starfsmanna.....	12

I. Almenn ákvæði

1.1 Tilgangur og markmið

Með setningu sérstakra reglna um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka leitast Byr sparisjóður við að uppfylla í hvívetna íturstu kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

Reglurnar eru settar á grundvelli:

- Laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 550/2006 um tilkynningarskyldu og könnun á áreiðanleika viðskiptamanns í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og
- reglugerð nr. 626/2006 um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningaþvætti.

Við lagaframkvæmdina var haft til hliðsjónar tilmæli Financial Action Task Force on Money Laundering (FATF) og tilskipun Evrópusambandsins 2005/60/EB.

Markmið reglna þessara er að leitast við að hindra að rekstur og starfsemi Byrs verði notuð til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka.

Öllum starfsmönnum Byrs ber að kynna sér efni reglnanna og fylgja þeim í starfi sínu.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir skyldu starfsmanna við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna og hvað beri að gera. Helstu skyldur þeirra eru að:

- Sjá til þess að grundvallargagna sé aflað um viðskiptavini Byrs og leggja sig fram um að bera kennsl á óvenjulega (grunsamlega) viðskiptavini og færslur/viðskipti.
- Tilkynna ábyrgðarmanni peningaþvættis um grunsemdir starfsmanna um peningaþvætti. Lögum samkvæmt ber að kanna gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til afbrots. Ábyrgðarmaður sér um að tilkynna þar til bærum yfirvöldum um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi.
- Stofna ekki til samningssambands ef nýr viðskiptamaður, einstaklingur eða lögaðili, getur ekki gert fullnægjandi grein fyrir sér og upplýsir Byr ekki um tilgang viðskiptanna. Sama gildir ef viðskiptamaður er lögaðili og veitir ekki fullnægjandi upplýsingar um raunverulegan eiganda.

1.2 Gildissvið

Reglur þessar mæla fyrir um viðmið Byrs vegna varna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og gilda fyrir alla starfsmenn Byrs, þ.m.t. stjórn sparisjóðsins.

1.3 Orðskýringar

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka, sbr. 3. gr. laga nr. 64/2006 o.fl., sem hér segir:

1.3.1 Peningaþvætti

Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

1.3.2 Fjármögnun hryðjuverka

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

1.3.3 Ávinningur

Hvers kyns hagnaður og eignir hverju nafni sem nefnast, þ.m.t. skjöl sem ætlað er að tryggja réttthafa aðgang að eignum eða öðrum réttindum sem meta má til fjár.

1.3.4 Raunverulegur eigandi

Einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á eða stýrir þeim einstaklingi og/eða lögaðila sem skráður er fyrir eða framkvæmir viðskiptin. Raunverulegur eigandi telst m.a. vera:

- a. Einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðila. Ákvæðið á þó ekki við um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
- b. Einstaklingur eða einstaklingar sem eru framtíðareigendur að 25% eða meira af eignum fjárvörslusjóðs eða svipaðs löglegs fyrirkomulags, eða hafa yfirráð yfir 25% eða meira af eignum hans. Í tilvikum þar sem ekki hefur enn verið ákveðið hverjir munu njóta góðs af slíkum fjárvörslusjóði telst raunverulegur eigandi vera sá eða þeir sem sjóðurinn er stofnaður fyrir eða starfar fyrir.

1.3.5 Skelbanki

Lánastofnun, eða stofnun með starfsemi á sambærilegu sviði, sem skráð er í lögsögu ríkis þar sem stofnunin hefur enga raunaðstöðu, lýtur engri raunverulegri stjórn eða eftirliti og er ótengd eftirlitsskyldri fjármálasamstæðu.

II. Könnun á áreiðanleika viðskiptamanna

2.1 Tilvik er áreiðanleikakönnun skal fara fram

Til að tryggja áreiðanleika í samskiptum við viðskiptamenn skal áreiðanleiki þeirra kannaður í eftirfarandi tilvikum:

- a. Við upphaf viðvarandi samningssambands.
- b. Vegna einstakra viðskipta að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri.
- c. Vegna gjaldeyrisviðskipta að fjárhæð 1.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri.
- d. Þegar grunur leikur á um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, án tillits til undanþágna eða takmarkana af neinu tagi.
- e. Þegar vafi leikur á því að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu réttar eða nægilega áreiðanlegar.

2.2 Upphaf viðskipta

Meginreglan er að viðskiptamaður skuli sanna á sér deili áður en samningssambandi er komið á, sem stofnast t.a.m. við undirritun lánasamnings, samnings um eignastýringu, einkabankaþjónustu, afhendingu greiðslukorts og við stofnun innlánsreiknings.

2.3 Upplýsingaöflun

2.3.1 Viðskiptavinur viðstaddur í eigin persónu

Grundvallaratriði við áreiðanleikakönnun er að viðskiptamaður sé viðstaddur í eigin persónu til að sanna á sér deili við upphaf viðskipta. Þær aðstæður geta hins vegar verið fyrir hendi að einstaklingur getur ekki verið viðstaddur við upphaf viðskipta, t.d. vegna veikinda eða landfræðilegra takmarkana.

Dæmi um aðgerðir í þeim tilvikum:

- Að heimsækja viðskiptavininn.
- Sé lítil hætta á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka gæti 8. gr. laga nr. 64/2006 um tímabundna frestun á að sannreyna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn átt við.
- Að öðrum kosti kæmu til skoðunar auknar kröfur skv. 10. gr. laga nr. 64/2006 um fjarsölu.

2.3.2 Upplýsinga sem afla skal

2.3.2.1 EINSTAKLINGAR

Upplýsingar

Við stofnun viðskiptasambands við aðila verður að gera þá kröfu til viðskiptamanns að hann sanni á sér deili með framvísun gildra persónuskilríkja sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Eftirfarandi upplýsinga skal aflað:

- Persónuskilríki með mynd.
- Fullt nafn.
- Upplýsingar um lögheimili (pósthólfsnúmer er ekki fullnægjandi)
- Símanúmer, netfang og faxnúmer.
- Fæðingarstaður og dagur.
- Þjóðerni.
- Starf, staða og/eða nafn á vinnuveitanda.
- Kennitala.
- Tegund viðskipta.
- Eðli viðskiptasambands.
- Undirskrift.

Byr skal jafnframt gera kröfu um að viðskiptamaður *sem þegar er í viðskiptum* sanni á sér deili hafi hann ekki þegar gert það.

Áreiðanleiki upplýsinga

Staðfesta skal áreiðanleika upplýsinga sem einstaklingur veitir við upphaf viðskipta með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

- Með gildum persónuskilríkjum sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Slík skilríki eru t.a.m. vegabréf, ökuskírteini, nafnskírteini eða önnur sambærileg skilríki. Með stjórnvöldum er bæði átt við íslensk og erlend stjórnvöld, sbr. 5. gr. laga nr. 64/2006.
- Staðfesta rétt lögheimili með upplýsingum úr þjóðskrá.
- Hafa samband við viðskiptamann í gegnum síma, með bréfi eða netpósti til að staðfesta uppgefnar upplýsingar. Ótengdur sími, endursendur póstur eða rangt netfang ættu að leiða til frekari eftirgrennslan.
- Fá staðfestingu á gildi opinberra gagna frá t.d. sendiráði, lögboðkanda (*notarius publicus*) eða öðrum viðurkenndum og virtum aðila sé þess þörf. Þetta ætti t.d. við þegar um erlendan aðila væri að ræða.

2.3.2.2. LÖGAÐILAR

Upplýsingar

Skylt er að þekkja til og vera sannfærður um tilvist lögaðilans og hverjir eru í forsvari fyrir hann. Lögaðilar þurfa að sanna á sér deili með framlagningu vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða sambærilegum upplýsingum.

Til að ganga úr skugga um lagalega tilvist og form lögaðila er nauðsynlegt að afla eftirfarandi upplýsinga frá lögaðilum:

- Nafn lögaðila.
- Lagalegt form.
- Lögheimili lögaðila.
- Póstfang.
- Símanúmer og faxnúmer þar sem við á.
- Kennitölu.
- Frumrit vottorðs (ekki eldra en tveggja mánaða) úr fyrirtækjaskrá RSK eða staðfest endurrit þess, ef um erlendan aðila er að ræða þá úr sambærilegri skrá frá sambærilegri stofnun.
- Samþykktir.
- Ársreikning síðasta reikningsárs.

- Upplýsingar um eigendur og hluthafa.
- Upplýsingar um stjórnarmenn.
- Markmið með starfsemi lögaðila.
- Reglur um hver geti skuldbundið lögaðila
- Sönnun á deili þeirra sem hafa prókúru yfir reikningnum og á heimild þeirra til prókúru.
- Tilgang, eðli og lögmæti viðskiptanna.

Byr skal jafnframt gera kröfu um að lögaðili *sem þegar er í viðskiptum* sanni á sér deili hafi hann ekki þegar gert það.

Áreiðanleiki upplýsinga

Staðfesta skal áreiðanleika upplýsinga með a.m.k. einni af eftirfarandi aðgerðum:

- Skoða síðustu ársskýrslu og endurskoðaðan ársreikning.
- Nota opinberar upplýsingaskrár, hérlandis fyrirtækjaskrá.
- Staðreyna að lögaðilinn sé í starfsemi og að starfsemi hans hafi ekki verið lögð niður.
- Heimsækja lögaðilann, þar sem við á.
- Hafa samband við lögaðilann í gegnum síma, bréfleiðis eða með tölvupósti.

Prókúruhafar og umboðsmenn

Prókúruhafar skulu sanna á sér deili með framvísun persónuskilríkja og sýna fram á að þeir hafi heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðila. Sama á við um framkvæmdastjóra og alla þá sem koma fram fyrir hönd lögaðila og geta skuldbundið hann.

Erlendir aðilar

Í tilviki erlendra lögaðila þar sem framlögð vottorð eru ekki auðsjáanlega frá sambærilegri stofnun og hérlandis skal staðfesta gildi þeirra, t.d. hjá sendiráði viðkomandi lögaðila.

Félagasamtök og góðgerðarfélög

Þegar félagasamtök eða góðgerðarfélög eru viðskiptamenn skal kanna eftirfarandi:

- Deili á fyrirsvarsmönnum og ábyrgðarmönnum félagsins.
- Deili á þeim sem fara með stjórn félagsins og eigna þess.
- Hvort þeir sem koma fram fyrir hönd góðgerðafélags hafi í raun umboð til þess.
- Tilgang góðgerðarfélags eða félagasamtaka.

2.3.3 Raunverulegur eigandi

Krafa er gerð um að fullnægjandi upplýsingar séu veittar um raunverulegan eiganda. Þegar um lögaðila er að ræða skal Byr ganga úr skugga um að viðskiptamaður sé raunverulegur eigandi, ávallt afla nauðsynlegra gagna sem sanna deili á raunverulegum eiganda og leggja sjálfstætt mat á hvort upplýsingar um viðskiptamann og raunverulegan eiganda séu réttar og fullnægjandi.

Raunverulegur eigandi er skilgreindur í kafla I. Í einhverjum tilvikum verður að meta hvenær aðili telst stjórna lögaðila eða öðrum einstaklingi þannig að hann teljist vera raunverulegur eigandi. Slíkt mat getur m.a. byggst á athugun á eignarhaldi á lögaðila, samþykktum lögaðila og stofnsamningi.

2.4 Tímabundin frestun á að sannreyna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn

Nýr viðskiptamaður skal jafnan sanna á sér deili áður en samningssambandi er komið á. Til að trufla ekki eðlilegan framgang viðskipta má þó fresta því þar til samningssamband hefur stofnast í þeim tilvikum þar sem lítil hætta er talin á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Viðskiptamaður skal í slíkum tilvikum sanna á sér deili eins fljótt og því verður komið við.

Heimilt er að opna bankareikning fyrir viðskiptamann þrátt fyrir að skilyrðum 1. mgr. sé ekki fullnægt að því tilskildu að tryggt sé að færslur á hann verði ekki framkvæmdar, *t.d. með læsingu reikningsins*, fyrr en viðskiptamaður hefur sannað á sér deili.

2.5 Einfölduð könnun á áreiðanleika viðskiptamanns

Viðskiptamenn sem lúta einfaldaðri könnun á áreiðanleika

Í eftirtöldum tilvikum er leyfilegt að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun, þegar Byr hefur aflað fullnægjandi upplýsinga um að viðskiptamaður falli undir eftirfarandi:

- Fjármálafyrirtæki, líftryggingarfélag, lífeyrissjóður eða samsvarandi lögaðili, sem hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu og lýtur reglum þriðju peningaþvættistilskipunar Evrópusambandsins.
- Félag sem skráð er á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
- Íslensk stjórnvöld.

Við einfaldaða áreiðanleikakönnun skal ávallt skrá nafn einstaklings eða lögaðila, kennitölu og heimilisfang.

Upplýsingar frá þriðja aðila

Tilkynningarskyldur aðili þarf ekki að kanna áreiðanleika viðskiptamanns ef samsvarandi upplýsingar um áreiðanleika hans koma fram fyrir tilstilli fjármálafyrirtækis sem hlotið hefur starfsleyfi á Íslandi eða samsvarandi lögaðila sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um upplýsingar sem koma fram fyrir tilstilli eftirlitsskyldrar lána- eða fjármálastofnunar frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gerðar eru sambærilegar kröfur til og í lögum þessum.

Eftirlitsskyldur aðili sem treystir á upplýsingar frá þriðja aðila skv. 1. mgr. skal leitast við að:

- Fá nauðsynlegar og áreiðanlegar upplýsingar um hvernig sá aðili stendur að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna.
- Gera fullnægjandi ráðstafanir til að fullvissa sig um að afrit af viðeigandi skjölum sem sanna deili á viðskiptamanni og öðrum skjölum áreiðanleikakönnunar verði látin í té án tafar sé þess óskað.
- Fullvissa sig um að þriðji aðili fullnægi kröfum sem eru sambærilegar við þær sem gerðar eru í lögum 64/2006, lúti eftirliti sambærilegu við eftirlit með íslenskum fjármálafyrirtækjum og hafi starfsreglur og starfsaðferðir í samræmi við tilmæli FATF.

2.6 Auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsingar um viðskiptamann

2.6.1 Fjarsala

Við upphaf viðskipta með fjarsölu, stofnun samninga með notkun fjarskiptaáðferða eða á annan sambærilegan hátt þar sem viðskiptamaðurinn er ekki á staðnum til að sanna á sér deili ber að afla viðbótargagna um viðskiptamann ef nauðsyn krefur svo og krefjast þess að fyrsta greiðsla skuli gerð í nafni viðskiptamanns og af reikningi sem hann hefur stofnað í starfandi fjármálafyrirtæki. Viðbótargögn gætu falist í upplýsingum um fyrri bankaviðskipti auk frekari sannana um lögheimili og heimilisfang og staðfestingu á áreiðanleika gagna sem er aflað, t.d. frá opinberum aðilum, fjármálafyrirtæki og vinnuveitanda.

Dæmi um fjarsölu:

- Viðskiptasamband, þjónusta og viðskiptafærsla yfir internetið eða með pósti.
- Hraðbankaþjónusta, símabankaþjónusta og notkun annarra rafrænna fjarskiptamiðla í viðskiptum.
- Notkun fyrirframgreiddra, endurhlaðanlegra eða reikningstengdra greiðslukorta í rafrænum viðskiptum.

2.6.2 Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla

Ef samningssamband eða viðskipti eru við einstaklinga sem teljast vera í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla sinna og eru búsettir í öðru landi skal Byr fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- Meta hvort viðskiptamaður telst vera í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla sinna, en til þess hóps teljast þeir sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu og nánasta fjölskylda þeirra eða einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra,
- afla samþykkis frá yfirstjórn áður en stofnað er til viðskipta við þá,

- grípa til viðeigandi ráðstafana til að sannreyna uppruna fjármuna sem notaðir eru í samningssambandinu eða viðskiptunum, þ.e.að afla upplýsinga um eignir og tekjur viðkomandi til að geta metið hvort viðskiptin séu í eðlilegum tengslum við fjárhagslega stöðu hans,
- hafa reglubundið aukið eftirlit með samningssambandinu.

Með yfirstjórn er hér ekki átt við að þörf sé á að leita samþykkis stjórnar Byrs heldur nægir að leita til næsta stjórnunarstigs fyrir ofan þann starfsmann sem um ræðir.

2.6.3 Millibankaviðskipti og skelbankar (e. shell banks)

Í millibankaviðskiptum yfir landamæri, við aðila frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

- Afla upplýsinga um starfsemi gagnaðilans og meta út frá opinberum gögnum orðstír viðkomandi og gæði eftirlits hjá honum,
- leggja mat á eftirlit gagnaðilans með því að ekki fari fram peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
- afla samþykkis frá yfirstjórn áður en millibankaviðskiptum er komið á,
- skrásetja skyldur hvors aðila fyrir sig samkvæmt lögum þessum, og
- fá staðfest, þegar um greiðslustreymisreikninga er að ræða, að gagnaðilinn viti deili á viðskiptamanni og meti reglulega upplýsingar um viðskiptamenn sem hafa beinan aðgang að reikningum hjá fjármálafyrirtæki sem lög þessi gilda um, og geti veitt viðeigandi upplýsingar um viðskiptamann sé þess óskað

Millibankaviðskipti við lánastofnun án raunverulegrar starfsemi

Byr er óheimilt að stofna til eða halda áfram millibankaviðskiptum við lánastofnun eða annan aðila með sambærilega starfsemi sem stofnaður er innan lögsögu þar sem hann hefur enga raunverulega starfsemi eða stjórn og er ótengdur eftirlitsskyldri fjármálasamstæðu. Þeim er jafnframt óheimilt að eiga í millibankaviðskiptum við banka sem heimilar slíkri lánastofnun að nota reikninga sína.

2.6.4 Nafnleynd í viðskiptum

Byr er óheimilt að stofna eða halda nafnlaus verðbréfasöfn eða aðra reikninga í þágu viðskiptavina sem fyrirtækið hefur ekki staðreynt deili á. Séu slíkir reikningar nú þegar haldnir, skal Byr leita allra leiða til að hafa upp á eigendum þeirra, séu þeir þekktir, og krefjast þess að þeir skrái sig fyrir þeim. Verði eigendur slíkra reikninga ekki við slíkum tilmælum skal viðskiptum við þá hætt og afstaða tekin til þess hvort tilkynna beri ábyrgðaraðila um háttsemi þeirra.

2.7 Reglubundið eftirlit

Byr skal skv. 6. gr. 64/2006 hafa reglubundið eftirlit með samningssambandinu við viðskiptamenn sína til að tryggja að viðskipti þeirra séu í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar um þá, t.d. með athugun á viðskiptum sem eiga sér stað á meðan á samningssambandinu stendur. Upplýsingar um viðskiptamenn skulu uppfærðar og frekari upplýsinga aflað eftir því sem þörf krefur, t.a.m. þegar:

- Breytingar verða á viðskiptasambandinu.
- Færslur fara upp fyrir tiltekin fjárhæðarmörk.
- Ör velta á reikningi sem er í ósamræmi við innstæðu hans.
- Færslur sem falla utan venjubundins viðskiptamynsturs viðskiptavinar.

2.8 Varðveisla gagna

Varðveita skal afrit af persónuskilríkjum og öðrum gögnum sem krafist er í a.m.k. fimm ár frá því að tilfallandi viðskiptum eða varanlegu samningssambandi lýkur. Gögn um viðskiptavini Byrs skulu vistuð með aðgengilegum og skipulegum hætti þannig að hægt sé að bregðast skjótt við fyrirspurnum frá lögreglu og Fjármálaeftirlitinu.

Viðskiptafærslur skulu ávallt skráðar þannig að þær séu rekjanlegar. Eftirfarandi upplýsingar skulu ávallt fylgja slíkum færslum:

- Nafn viðskiptavinar (og raunverulegs eiganda).
- Lögheimili.
- Heimilisfang ef annað en lögheimili.
- Kennitala og aðrar persónulegar uppl.
- Hvaða persónuskilríkjum var framvísað og númer þeirra.
- Staðfestingu starfsmanns um að hann hafi skoðað gilt persónuskilríki og varðveitt afrit af því.
- Tegund viðskipta.
- Tímamark viðskipta.
- Gjaldmiðil viðskipta.
- Fjárhæð viðskipta.
- Tegund og númer á öllum reikningum sem tengjast viðskiptunum.
- Nafn móttakanda fjármuna ef það á við.

III. Rannsóknarskylda og tilkynningarskylda

3.1 Rannsóknarskylda

Skylt er að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi.

Grunsamleg eða óvenjuleg viðskipti

- Þegar viðskiptamaður sannar ekki á sér deili með fullnægjandi hætti.
- Þegar viðskiptamaður gefur ekki upplýsingar um tilgang fyrirhugaðra viðskipta.
- Þegar viðskiptavinur gefur ótrúverðugar upplýsingar.
- Ef um háar fjárhæðir er að ræða þar sem greitt er með reiðufé.
- Ef ætla má að viðskipti fari fram í þágu þriðja manns og viðskiptamaður neitar að veita upplýsingar um þriðja mann.
- Viðskipti sem ekki virðast hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang.
- Viðskipti eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamanns.

Athugun á grunsamlegum eða óvenjulegum viðskipti

Kanna skal bakgrunn og tilgang slíkra viðskipta að því marki sem unnt er. T.d. með því að:

- Afla nauðsynlegra gagna til upplýsinga um viðskiptamann eða fyrirhuguð viðskipti.
- Kanna áreiðanleika fyrirliggjandi gagna.
- Leggja sjálfstætt mat á fyrirliggjandi gögn og upplýsingar.
- Gera skriflega skýrslu þar sem fram kemur m.a.:
 - Skrá yfir fyrirliggjandi gögn og upplýsingar.
 - Aðgerðir sem gripið var til, m.a. varðandi upplýsingaöflun og framkvæmd viðskipta.
 - Niðurstaða athugunar, þ.e.hvort tilkynning er send lögreglu.

Gagna sem aflað er samkvæmt framansögðu skulu vera nægilega ítarleg til þess að unnt sé að átta sig á eðli viðskiptanna og til að nota megi sem sönnunargögn í refsimáli. Ekki er gerð krafa um að starfsmenn myndi sér skoðun á eða hafi rökstuddan grun um hvers konar afbrot liggur að baki peningabætti.

Ábyrgðarmanni skal tilkynnt um grunsemdir um peningabætti þegar í stað, símleiðis eða með tölvupósti. Gögn skulu send ábyrgðarmanni, í samræmi við óskir hans, með símbrefi, tölvupósti eða í bankapósti. Eyðublað, á innra neti Byrs, skal ennfremur fyllt út þegar í stað og sent ábyrgðarmanni.

Ábyrgðarmaður vistar tilkynningar starfsfólks um grunsemdir um peningabætti og tilheyrandi gögn/upplýsingar með skipulegum hætti. Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á því að allar kringumstæður slíkra viðskipta séu gaumgæfilega kannaðar og að niðurstöðum þeirrar könnunar sé komið til yfirvalda samhliða tilkynningum um viðskiptin. Sé hins vegar ekki talin ástæða til slíkrar tilkynningar skulu niðurstöður athugunar ábyrgðarmanns varðveittar með skipulegum hætti.

3.2 Tilkynningarskylda til lögreglu

Ef athugun ábyrgðarmanns leiðir til að vitneskja eða grunur um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka vaknar, ber að tilkynna um viðskiptin til lögreglu. Skylt er að forðast slík viðskipti. Í tilkynningunni skal tekið fram innan hvaða frests Byr er skylt að framkvæma viðskiptin. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hafa hagnað af viðskiptunum skal lögreglu tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram.

Að lokinni sendingu tilkynningar skal ákvörðun um framkvæmd viðskipta viðskiptamanns tekin í samráði við lögreglu. Skal þess ávallt gætt að lögreglan staðfesti móttöku hennar.

3.3 Þagnarskylda

Stjórnendum, starfsmönnum og öðrum sem vinna í þágu Byrs er skylt að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðilar fái ekki vitneskju um að lögreglu hafi verið sendar upplýsingar um að rannsókn sé hafin vegna gruns um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða að slíkri rannsókn kunni að verða hrundið af stað.

3.4 Varúðarskylda Byrs vegna starfsmanna

Byr skal sjá til þess að upplýsingum um það hvaða starfsmaður það var sem tilkynnti um grunsamleg viðskipti viðskiptamanns sé haldið leyndum og skal nafni hans haldið leyndu m.a. í tilkynningum til Ríkislögreglustjóra eða annarra lögbærra aðila, nema brýn nauðsyn krefji.

Ef svo ber undir skal Byr jafnframt gera hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að vernda þá starfsmenn sem að tilkynningu um viðskipti viðskiptamanns koma, fyrir hótunum eða fjandsamlegum aðgerðum viðskiptamanna í kjölfar slíkrar tilkynningar.

IV. Innra eftirlit, innri reglur o.fl.

4.1 Ábyrgðarmaður

Byr skal tilnefna aðila úr hópi stjórnenda sem sérstakan ábyrgðarmann vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Ábyrgðarmaður annast tilkynningar til lögreglu vegna málaflokksins og ber ábyrgð á að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir sem stuðli að góðri framkvæmd laga nr. 64/2006. Ábyrgðarmaður hefur skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum sem skipt geta máli vegna tilkynningar. Lögreglu og Fjármálaeftirlitinu skal tilkynnt um tilnefningu ábyrgðarmanns og hvaða stöðu hann gegnir innan viðkomandi fyrirtækis.

Starfsskyldur ábyrgðarmanns

- Taka á móti tilkynningum um peningaþvætti frá starfsmönnum, skrá þær og varðveita ásamt öðrum gögnum á fullnægjandi hátt.
- Gera ráðstafanir til að afla nauðsynlegra upplýsinga í tengslum við tilkynningar frá starfsmönnum.
- Framkvæma eigin rannsóknir og úttekir á tilkynningum í ljósi upplýsinga.
- Sjá til þess að skrifuð sé skýrsla um tilkynningar.
- Senda til lögreglu tilkynningar um vitneskju eða grun um peningaþvætti.
- Afla sér upplýsinga um og nota tilmæli og leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins, annarra stjórnvalda og alþjóðlegra stofnanna, s.s. FATF.
- Gera viðeigandi ráðstafanir til að viðhalda þekkingu sinni.
- Hafa umsjón og ábyrgð með fræðslu annarra starfsmanna um málaflokkinn.
- Leggja mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka innan einstakra sviða eða rekstrareininga, m.a. út frá fjölda tilkynninga og umfangi og eðli starfseminnar.
- Tryggja að fullnægjandi starfsaðferðir séu viðhafðar.
- Árleg skýrslugjöf til stjórnar Byrs.

Skýrsla til stjórnar um störf ábyrgðarmanns

Í árlegri skýrslu ábyrgðarmanns til stjórnar Byrs skal m.a. koma fram:

- Mat á því hvernig skriflegar innri reglur og innra eftirlit samræmist tilmælum FME o.fl.
- Umfjöllun um það hvernig brugðist hafi verið við tilkynningum og upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu og öðrum stjórnvöldum.
- Upplýsingar um fjölda tilkynninga til ábyrgðarmanns og athugun hans á þeim og hver margar voru sendar til lögreglu.
- Upplýsingar um þjálfun og fræðslu starfsmanna.
- Upplýsingar um það sem er ábótavant í starfsaðferðum fyrirtækis og ábendingar um úrbætur.

4.2 Skriflegar innri reglur

Byr ber skylda til þess að:

- Setja sér skriflegar innri reglur og hafa innra eftirlit sem miðar að því að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra sé notuð til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Þar skal m.a. fjallað um áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, tilkynningarskyldu, varðveislu gagna og viðskipti sem krefjast sérstakrar varúðar.
- Sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Gera skriflegar skýrslur um allar grunsamlegar og óvenjulegar færslur sem verða við framkvæmd viðskipta í starfsemi þeirra.
- Búa yfir kerfi sem gerir þeim kleift að bregðast skjótt við fyrirspurnum frá lögreglu.
- Setja sérstakar reglur við ráðningu starfsfólks um hvaða athuganir skuli gerðar á ferli umsækjenda um stöður hjá fyrirtækjunum og í hvaða tilvikum skuli krafist sakavottorðs eða annarra sambærilegra skilríkja um feril og fyrri störf.

4.3 Fræðsla starfsmanna

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti skal tryggja að öllum starfsmönnum Byrs séu kynntar reglur þessar og þær skyldur sem á þeim hvíla og sjá til þess að þeim standi til boða viðhlítandi þjálfun í þeim aðgerðum til varnar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem Byr viðhefur á hverjum tíma. Jafnframt skal tryggt að slíkri þekkingu og þjálfun sé við haldið og skal hún miðast við þá tækni og aðferðir sem vitað er að notaðar eru við peningaþvætti á hverjum tíma. Stjórnendur skulu sjá til þess að starfsmenn sækji þær kynningar og námskeið sem boðið er upp á í ofangreindu skyni.

- a. Skipuleggja skal sérstaka þjálfun fyrir starfsmenn í framlínu einu sinni til tvisvar sinnum á ári. Á þeim kynningum skal farið yfir:
 - i. Löggjöf, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
 - ii. Hverjar séu skyldur starfsmanna í tengslum við málaflokkinn, m.a. hver séu rétt viðbrögð gagnvart viðskiptavinum og innan fyrirtækis, ef grunur vaknar.
 - iii. Hver sé ábyrgðarmaður og hvert sé hlutverk hans og ábyrgð.
 - iv. Hvaða afleiðingar það getur haft fyrir eftirlitsskyldan aðila, starfsmenn hans og viðskiptavini ef reglur á þessu sviði eru ekki virtar.
 - v. Hvar helstu hættur á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka liggja.
 - vi. Nýjustu aðferðir og þróun málaflokksins.
- b. Aðrir starfsmenn skulu einu sinni á ári sitja námskeið þar sem rifjaðar eru upp reglur Byrs í þessum efnun, sem og gildandi löggjöf um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- c. Við upphaf starfs skal afhenda nýjum starfsmanni reglur Byrs um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og þjálfna hann í samræmi við a. eða b. lið.

Lögð er áhersla á að starfsfólk fái þjálfun í að þekkja viðskiptafærslur sem geta vakið grunsemdir og fái leiðsögn í því hvernig bregðast skal við. Reglulega skal endurmeta þörf á þjálfun starfsfólks og uppfæra fræðslu- og kynningarefni.

4.4 Eftirlit með virkni varna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Innri endurskoðun eða eftir atvikum ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti skulu sjá til þess að fram fari reglubundnar prófanir á virkni varna Byrs gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Skulu þær varnir sæta sífelldri endurskoðun í ljósi niðurstaðna slíkra prófana.

4.5 Öryggi við ráðningu starfsmanna

Verklag við ráðningu starfsmanna skal m.a. gera ráð fyrir heimildum til að kanna náms- og starfsferil umsækjanda, fjárhagsstöðu hans, sakaferil og aðra þætti sem til álita koma við mat á því hvort þeir séu í aðstöðu sem eykur hættuna á því að þeir verði handbendi aðila sem leggja stund á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

23. júlí 2009

Stjórn Byrs



Jón Kr. Sólnes
formaður


Guðmundur Geir Gunnarsson
Matthías Björnsson
Sveinn Margeirsson
Arnar Bjarnason